

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – mars 2026

Skráð atvinnuleysi í mars var 4,8%

Skráð atvinnuleysi í mars var 4,8% en var 4,9% í febrúar. Í mars 2025 var atvinnuleysið hins vegar 4,2%.

Að meðaltali voru 9.627 atvinnulausir í mars, 5.761 karl og 3.866 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 145 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 8,2% og minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 2,0%.

Alls komu inn 361 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í mars.


Atvinnulausir voru 10.051 í lok mars, 5.980 karlar og 4.071 kona.

Í mars 2026 gaf Vinnumálastofnun út 268 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 221 á höfuðborgarsvæðinu.

Í mars voru 211 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana en enginn var á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari lækkandi í apríl og verði um 4,5-4,6%.

Þróun atvinnuleysis frá mars 2024 til mars 2026




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði og var 4,8% á landinu sem heild. Atvinnuleysi hækkaði lítillega á höfuðborgarsvæðinu, eða um 0,1%. Á Norðurlandi vestra stóð atvinnuleysi í stað en lækkaði á öllum öðrum stöðum á landinu. Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum og fór úr 8,8% í 8,2% og einnig lækkaði atvinnuleysi á Vesturlandi úr 3,7% í 3,2% milli mánaða. Atvinnuleysi var 4,9% á höfuðborgarsvæðinu í mars mánuði og 4,6% á landsbyggðinni.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 2,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í febrúar og mars.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í mars og á öllum svæðum nema Suðurnesjum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi var 2,6% meðal karla en 1,2% hjá konum. Á Suðurnesjum var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 8,4% en 8,0% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 5,4% en 4,3% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 4,8% en 4,4% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í mars.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 10.051 í lok mars, 5.980 karlar og 4.071 kona. Fækkaði atvinnulausum körlum um 13 frá lokum febrúar og atvinnulausum konum fækkaði um 64.

Alls voru 2.706 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok mars og fækkaði um 22 frá lokum febrúar.

Alls höfðu 1.837 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars. Í mars 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.521 og nemur fjölgunin 316 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.879 í mars síðastliðnum en voru 1.786 í mars 2025.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði ögn heilt yfir í mars og þróun eftir atvinnugreinum hélst nokkuð stöðug. Mest var breytingin í ferðapjónustu þar sem fækkaði um 82 og í gistiþjónustu um 57. Mest var fjölgun atvinnulausra í fjármála- og váttryggingarstarfsemi eða 50.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 5.683 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 145 frá því í lok febrúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 57% í lok mars.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 9,9% í mars samanborið við 2,8% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok mars 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.224 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í mars 2026 gaf Vinnumálastofnun út 268 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 221 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 96 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 172 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2026




Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 68 leyfi. Þá voru gefin út 58 leyfi vegna fjölskyldusameininga og jafn mörg vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 34%, 23% vegna þjónustustarfa og 16% vegna verkafólks. Um 27% voru í öðrum starfsgreinum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars voru gefin út 118 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 71 einstaklingur, 11 fóru til Spánar og sami fjöldi til Rúmeníu. Þá voru gefin út 25 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2026




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 361 nýtt starf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 277 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 54% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Suðurlandi og 9% á Norðurlandi eystra. Þá voru rúm 21% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í mars 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í mars voru 211 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana en enginn var á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 141 einstaklingur.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.